**Menningarnefnd Snæfellsbæjar**

**Fundur nr. 232**

**Þriðjudagur 28. október 2025 – Pakkhús Ólafsvíkur**

Fundur settur: 16:15

Fundinn sitja: Helga Jóhannsdóttir, Kristín Arnfjörð, Ingunn Ýr Angantýsdóttir og Jóhannes Stefánsson.
Fundagerð ritar: Helga Jóhannsdóttir.

1. **Styrkir**
    a) Kórinn óskar eftir styrk vegna tónleikahalds. Nefndin veitir styrk upp á 50 þúsund krónur.

2. **Hollvinafélag Pakkhússins**
    a) Hollvinafélagið óskar eftir stuðningi frá Menningarnefnd Snæfellsbæjar vegna styrktarumsókn í uppbyggingarsjóð SSV.
    b) Niðurstaða: Nefndin tekur vel í umsókn Hollvinafélags pakkhússins og gefur leyfi á að nefndin verði sett sem samvinnuaðili í verkefninu.

3. **Hrekkjavaka í pakkhúsinu 30. nóvember.**
    a) Rætt um undirbúning og fyrirkomulag.

4. **Jólaopnun rekstaraðila í Snæfellsbæ**

    a) Umræða:
    Rekstraraðilar í Snæfellsbæ hafa ákveðið að halda aðventuopnun fimmtudaginn 27. nóvember. Ekki er forsenda fyrir jólamarkaði í ár þar sem engar fyrirspurnir hafa borist til menningarnefndar, hvorki í ár né í fyrra. Rekstraraðilar munu sjálfir sjá um skipulag og framkvæmd kvöldsins og bjóða smærri söluaðilum aðstöðu hjá sér.

    b) Ákvörðun menningarnefndar:
    Menningarnefnd lýsir vilja til að styðja við aðventukvöldið. Nefndin mun

leggja til tónlistaratriði sem auglýst verður bæði á Hellissandi og í Ólafsvík þetta kvöld.

c) Framlag menningarnefndar:
Jóhannes Stefánsson, fjöllistamaður og nefndarmaður, mun syngja og spila á gítar og skemmta gestum og gangandi á aðventukvöldinu.

Fundi slitið: 17:15